

## INNKAUPA- OG FRAMKVÆMDARÁÐ

Ár 2022, fimmtudaginn 14. júlí 2022 var haldinn 78 . fundur innkaupa- og framkvæmdaráðs. Fundurinn var haldinn í Varmadal, 4. hæð Borgartúni 12-14 og hófst kl. 13:00. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með rafrænum hætti með vísan til heimildar í 1. másl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga sbr. 4. másl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar: Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir, Geir Finnsson og Sara Björg Sigurðardóttir. Einnig sat fundinn í fundarsal Björn Gíslason. Kristín Sólnes frá borgarlögmanni sat fundinn með rafrænum hætti. Guðbjörg Matthíasdóttir frá innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar sat fundinn í fundarsal og var jafnframt fundarritari.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf upplýsingatæknipjónustu, þjónustu- og nýsköpunarsviðs dags. 11. júlí 2022 merkt PON22070012, útboð nr. 15388 Sérfræðingar í upplýsingatækniinnviðum. Lagt er til við innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að lægsta gilda tilboði sem er frá KPMG að fjárhæð kr. 15.587.400.-

Samþykkt

Aldís Geirdal Sverrisdóttir, Friðþjófur Bergmann og Sæþór Fannberg sitja undir þessum fundarlið

2. Lagt fram bréf skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlands, umhverfis- og skipulagssviði dags. 12. júlí 2022, merkt FAS22030014, útboð nr. 15447 Raforkukaup Reykjavíkurborgar. Lagt er til við innkaupa- og framkvæmdaráð að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda sem er N1 Rafmagn ehf. að fjárhæð kr. 5.65 kr/kWh fyrir almenna notkun og kr. 5.35 kr. /kWh fyrir götulýsingu.

Samþykkt

Hjalti J. Guðmundsson situr undir þessum fundarlið.

**Fundi slitið kl. 13:32**

Sara Björg Sigurðardóttir

Elísabet Guðrún Jónsdóttir  
Björn Gíslason

Geir Finnsson